

# ÁRSSKÝRSLA 2023

Meðferðarstöðin Vík, Kjalarnesi

The logo for 'Sóó' is displayed in white. It features the letters 'S', 'Ó', and 'Ó' in a bold, sans-serif font. Below the letters is a simple, curved line that forms a smile, giving the logo a friendly and approachable appearance.

**Efnisyfirlit A** Smellið á textann til að finna viðkomandi upplýsingar í ársskýrslunni

---

### Starfsemi samtakanna á árinu 2023

- Inngangur
- Ávarp formanns SÁÁ á aðalfundi 7. maí 2024
- Yfirlit um fasteignir SÁÁ
- Lokaorð

Á næstu síðu er **efnisyfirlit B** um starfsemi SÁÁ talin upp eftir 14 markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

### Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- Sjúkrahúsið Vogur - innlagnarupplýsingar
- Fyrsta skipti á Vogu
- Sjúkrahúsið Vogur - endurkomur
- Sjúkrahúsið Vogur - ungmenni 25 ára og yngri
- Göngudeild Vogs - lyfjameðferð við ópíóíðafíkn
- Sjúkrahúsið Vogur - niðurstöður gæðavísa
- Meðferðarstöðin Vík
- Göngudeildir Reykjavík og Akureyri
- Spilameðferð SÁÁ
- Sálfræðiþjónusta barna



## Efnisyfirlit B. Starfsemi SÁÁ talin upp eftir 14 markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

Smellið á textann til að finna upplýsingar á viðkomandi stað í ársskýrslunni.

1. Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum á fíknvanda og því sem honum tengist og hafa áhrif á almenningsálitið með fræðslu um eðli fíknsjúkdóma.
2. Að starfrækja afeitrunar- og endurhæfingarmeðferð fyrir fólk með fíknsjúkdóma.
3. Að starfrækja göngudeild fyrir fólk með fíknsjúkdóma og aðstandendur þeirra.
4. Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur.
5. Að vinna að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum.
6. Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi,
7. Að skipuleggja sjálfboðaliðastörf og afla fjár til reksturs SÁÁ.
8. Að afla og koma á framfæri til almennings upplýsingum um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.
9. Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi, sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.
10. Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu.
11. Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknsjúkdóma og aðstandenda þeirra.
12. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr ýmsum greinum heilbrigðisþjónustunnar.
13. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ verði rekið og stundað öflugt vísindastarf.
14. Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviðum heilbrigðisvísinda.

INNGANGUR

# Ársskýrsla SÁÁ fyrir starfsárið 2023

Í þessari ársskýrslu er reynt að gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á árinu ásamt því að gera hefðbundna grein fyrir starfsemi SÁÁ á öllum sviðum.

Starfsemi SÁÁ er bæði viðtæk og viðamikil. Á undanfögnu ári hefur mikið verið unnið í endurskipulagningu starfseminnar og í þessari ársskýrslu er reynt að gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa ásamt því að gera hefðbundna grein fyrir starfsemi SÁÁ á öllum sviðum.

Heilbrigðisþjónusta SÁÁ er eins og gefur að skilja veigamesti þáttur í starfi SÁÁ og tekur til sín mikið fé og margt starfsfólk. Þjónustan er alhliða og spannar allt frá stuttu viðtali yfir í langa meðferð sem getur falist í inniliggjandi afeitrun á Sjúkrahúsinu Vogu, endurhæfingu á Vík og áframhaldandi endurhæfingu í göngudeild eftir þörfum. Langflestir sem leita í heilbrigðisþjónustu SÁÁ koma til okkar án milliliða, en einnig kemur til okkar fólk sem vísað er til SÁÁ frá heilsugæslunni, öðrum heilbrigðisstofnunum og velferðarsviðum sveitarfélaganna.

Heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ, sem sinnir heilbrigðisþjónustu SÁÁ, er með full réttindi og er eins og heilbrigðisþjónustan undir faglegu eftirlit Landlækniseimbættisins.

Framan af var reksturinn endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, en fyrir tíu árum var sú þjónusta boðin út og nú eru það Deloitte



## Inngangur ársskýrslunnar, framhald

á Íslandi sem endurskoða reksturinn og skila skýrslu þar um.

SÁÁ á einnig mjög víðtæk gögn um starfsemi sína allt frá upphafi. Þessi gögn eru stöðluð og vel hefur verið gætt að því að viðhalda þeim árlega. Í þessari ársskýrslu sýnum við miklar upplýsingar sem teknar eru beint út úr gagnagrunninum. Þessi gagnagrunnur gefur okkur mjög nákvæma sýn á áfengis- og vímuefnavanda Íslendinga.

Fæstar þjóðir eiga svo góð gögn um þennan heilsufarsvanda og þau gætu hæglega nýst opinberum aðilum í stefnumörkun í málaflokknum.

Samkvæmt samþykktum SÁÁ þá er tilgangur samtakanna skilgreindur í 14 töluliðum og er í fyrri hluta skýrslunnar gerð grein fyrir hvernig SÁÁ hefur unnið að tilgangi sínum.

Í [efnisyfirliti](#) er hlekkur á hvern og einn þátt þessara upplýsinga.



Sjúkrahúsið Vogur, Stórhöfða

Ávarp Önnu Hildar Guðmundsdóttur  
formanns SÁÁ á aðalfundi 7. maí 2024

## Fjórtán markmið sem eru leiðarljós í allri starfsemi SÁÁ

Langtíma markmið okkar er að tryggja að fíknisjúkdómurinn verði viðurkenndur sem slíkur og fái ekki síðri meðhöndlun en allir aðrir sjúkdómar.

Óhætt er að segja að SÁÁ sigli lygnan sjó eftir nokkurn óróa í hitteðfyrra. Það er rólegt yfir okkur á yfirborðinu, við höfum góðan meðbyr í samfélaginu og andrúmsloftið er gott.

Samt er engin værukærð í gangi. Við höfum unnið hörðum höndum síðustu misseri að viðamiklum skipulagsbreytingum til að skila meiri og betri árangri fyrir skjólstæðinga okkar og þjóðfélagið allt.

Við vildum gefa okkur tíma til að skilja betur hvar við stöndum. Hver er tilgangurinn með öllu þessu brölti okkar? Getum við gert betur?

Á síðasta aðalfundi kynntum við svo lagabreytingar þar sem tilgangurinn með starfi SÁÁ var talinn upp í fjórtán liðum. Þessi markmið eru leiðarljós í öllu því sem við gerum.

Mikilvægur þáttur í skipulagsbreytingunum var að skerpa á ábyrgð í starfseminni. Í nýju skipuriti SÁÁ er kominn forstjóri sem hefur heilbrigðisstarfsemina og reksturinn á sínum herðum, meðan framkvæmdastjórn ber ábyrgð á fasteignum og styrktarsjóði.

## Ávarp formanns SÁÁ á aðalfundi 7. maí 2024 frh. 1

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir var ráðin forstjóri SÁÁ í febrúar síðastliðnum, en hún þekkir afar vel til eftir að hafa starfað sem gæðastjóri á Vogu undanfarin ár. Valgerður Rúnarsdóttir er framkvæmdastjóri lækningasviðs, Þóra Björnsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunarsviðs, Ingunn Hansdóttir framkvæmdastjóri meðferðarsvið og Ásgerður Björnsdóttir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs.

Við fórum líka í rækilegar umbætur á starfsháttum framkvæmdastjórnar. Fundaformið er í fastari skorðum, passað er upp á framvindu mála og settar hafa verið starfsreglur og siðareglur fyrir fólk í framkvæmdastjórn. Þessar breytingar stuðla að markvissari vinnubrögðum og auknum trúverðugleika gagnvart stjórnvöldum. Samtalið við þau verður að vonum árangursríkara. Þessar betrubætur á vinnu framkvæmdastjórnarinnar vonumst við til að skapi trúnaðartraust sem skiptir máli fyrir okkur sem þjónum heilbrigðiskerfinu.

Ánægjulegt er að geta sagt frá því að eftir mikla undirbúningsvinnu og góð samskipti við heilbrigðisyfirvöld

höfum við nú hafið samningaviðræður við Sjúkratryggingar um nýjan heildarsamning. Við erum að vinna í takt við þá stefnu stjórnvalda að gera samninga til fimm ára í senn. Gerður verður sér samningur um heilbrigðisþjónustuna og sér samningur um húsakynninn sem við leggjum til hennar.

Við höfum átt afar gott samtal við Sjúkratryggingar í þessari vinnu og finnum fyrir miklum skilningi þar á því sem SÁÁ leggur af mörkum. Við finnum líka fyrir góðum stuðningi í heilbrigðisráðuneytinu og gerum okkur vonir um að niðurstaðan verði til hagsbóta fyrir skjólstæðinga okkar.

Með nýjum heildarsamningi mun verða alveg skýrt hvaða verkefnum SÁÁ sinnir í formi heilbrigðisþjónustu. Góð samvinna við heilbrigðisyfirvöld um veitingu faglegrar heilbrigðisþjónustu tryggir aðgengi og gæði þjónustunnar til framtíðar, skjólstæðingum okkar til heilla.

Við viljum gera langtíma heildarsamning við ríkið til að skjólstæðingum okkar verði tryggð samfella og festa í



## Ávarp formanns SÁÁ á aðalfundi 7. maí 2024 frh. 2

framboði heilbrigðisþjónustu SÁÁ. Enda er það hlutverk ríkissjóðs að fjármagna heilbrigðiskerfið. Sjálfsaflafé okkar viljum við nýta til að gera þessa þjónustu enn betri: í uppbygginu og viðhald bataeflandi húsnæðis til meðferðarstarfs, í fræðslustarf, félagsstarf, rannsóknir og þróunarverkefni til að efla enn frekar þekkingu og þjónustu við fólk með fíknsjúkdóm og aðstandendur þeirra. Þannig gætum við t.d farið að skipuleggja umfangsmeiri verkefni og viðburði og beitt okkur enn betur í forvarnarstarfinu.

Nýlega fengum við tvær íbúðir að gjöf frá velunnara samtakanna. Fyrir söluhagnaðinn af þeim höfum við ákveðið að ráðast í endurbætur á Vogu til að gera sjúkrahúsið hlýlegra og þar með batavænna. Það mun skila sér í betri líðan fyrir skjólstæðinga okkar að koma inn í hlýlegt umhverfi, til viðbótar við það vingjarnlega viðmót sem alltaf hefur verið til staðar. Við hlökkum til að geta sýnt ykkur myndir af fyrirhuguðum breytingum.

Fíknsjúkdómurinn hefur aldrei fengið jafn mikla næringu

og undanfarin misseri. Aðgengi að áfengi eykst með hverju árinu og ný og hættulegri vímuefni flæða um allt þjóðfélagið í bland við þau gömlu. Þörfin fyrir SÁÁ er því jafn mikil og alltaf áður og það er ekkert að breytast.

SÁÁ hefur mestu þekkinguna á fíknsjúkdómnum hér á landi og þar ætlum við að halda áfram að vera leiðandi. Við kennum áfengisráðgjöfunum og þjálfum þá á starfsstöðum okkar. Bóklegi hluti námsins fer nú fram í Háskólanum á Akureyri undir okkar stjórn. Við höfum því þekkinguna og getuna til að sinna fræðslu og forvörnum.

Við viljum hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuvörnum og leiða umræðuna í þjóðfélaginu. Langtíma markmið okkar er að tryggja að fíknsjúkdómurinn verði viðurkenndur sem slíkur og fái ekki síðri meðhöndlun en allir aðrir sjúkdómar. Með heildarsamningunum við ríkisvaldið verðum við betur í stakk búin til að takast á við allar þessar áskoranir og það ætlum við að gera.

FASTEIGNIR SÁÁ

## Eigin húsnæði SÁÁ er undirstaða allrar starfseminnar

SÁÁ hefur á liðnum áratugum unnið af harðfylgi að því að koma starfseminni fyrir í eigin húsnæði sem uppfyllti allar kröfur heilbrigðisþjónustunnar. Það að hafa eigin húsnæði til umráða er undirstaða getu SÁÁ til að hjálpa fólki til að takast á við fíknsjúkdóminn. SÁÁ hefur alfarið byggt þessa aðstöðu upp fyrir sjálfsafla- og söfnunarfé.

- Sjúkrahúsið Vogur er eina sérbyggða afeitrunarsjúkrahúsið í Evrópu, opnaði í desember 1983. Tvær álmur til viðbótar voru síðar byggðar við húsið.
- Meðferðarstöðin Vík var opnuð í desember 1991 og var endurbyggð og opnuð aftur í mars 2018 og tók um leið yfir þá starfsemi sem hafði verið á Staðarfelli frá árinu 1980.
- Göngudeild í Reykjavík og skrifstofur SÁÁ eru í Von sem opnaði í október 2006.
- Göngudeild á Akureyri hefur verið starfrækt frá 1989 og er nú í húsnæði í eigu SÁÁ að Hofsbót 4. Að auki á SÁÁ íbúð fyrir starfsfólk í Hafnarstræti 26a á Akureyri.
- Þá rekur SÁÁ búsetuúrræðið Vin á Stórhöfða að hluta til í eigin húsnæði.

Á liðnu starfsári hefur mikið verið lagt í að endurbæta aðstöðuna á Vogu, þannig að sjúklingum þar líði sem allra best og sú vinna mun halda áfram. Öðrum eignum SÁÁ er viðhaldið eftir þörfum og þess vel gætt að þær rýrni ekki og nýtist sem allra best fyrir starfsemina.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum

### Markmið 1

„Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum á fíknvanda og því sem honum tengist og hafa áhrif á almenningsálitið með fræðslu um eðli fíknjúkdóma.“

### Ambassador - verkefnið

Verkefnið miðar að því að gera SÁÁ raunverulega að landsamtökum og reyna að tryggja sem best góða þjónustu við fólk með fíknjúkdóma og aðstandendur þeirra, hvar sem fólk býr og að skoða þörf á fræðslu og öðru sem SÁÁ getur veitt.

### Verkefnið byggir á fjórum stoðum:

- Að kynna SÁÁ um allt land með það að markmiði
- Að ná tengslum við forystufólk í sveitarstjórnnum og upplýsa stjórnmalafólk um lausnir sem þegar eru til staðar í tengslum við fíknvanda
- Að ná tengslum við starfsfólk velferðarþjónustu, heilsugæslu, grunnskóla, framhaldsskóla og íþróttá- og tómstundafélaga, með það fyrir augum að kynna þeim þá þjónustu og lausnir sem til eru, möguleika á fræðslu fyrir starfsfólk þessara aðila, möguleika á fræðslu fyrir íbúa með sérstakri áherslu á ungt fólk og aðra þá sem eru í sérstakri áhættu að þróa með sér fíknjúkdóma/-vanda
- Að ná tengslum við einstakling/a í sveitarfélaginu sem væru tilbúnir að vera einhverskonar umboðsmenn SÁÁ á ýmsum sviðum.



## Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum - frh. 1

Þegar er byrjað að fara inn í lykilsveitarfélög til að leggja línur og kanna þörf.

Þar á meðal til Ísafjarðar og Vestmannaeyja.

Næst stendur til að fara til Akureyrar og Egilsstaða.

Einnig verður farið í nágrannasveitarfélög.

Þá verður farið aftur á staðinn þegar búið er að kortleggja þörfina og þá þjónustu sem hægt er að veita.

Mikilvægt að tengja a.m.k. einn áfengis- og vímuefna-ráðgjafa með í verkefnið. Sá gæti sinnt þjónustunni við velferðarsvið og heilsugæslu ásamt því að vera með milligöngu um fræðslu fyrir mismunandi hópa.

Mikilvægt að kortleggja atvinnustarfsemi á hverjum stað og kanna hvort og þá hvernig fyrirtæki geta stutt við verkefnið.

Þetta verkefni verður unnið út árið 2024 og a.m.k. fram á árið 2026.

### Framleiðsla á fræðsluefni vegna óþjóðafíknar

Verkefnið er styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu.

Markmið verkefnisins er að koma sem réttustum upplýsingum til þess fólks sem haldið er óþjóðafíkn og aðstandenda þeirra, sem fyrst í ferlinu, þannig að skaði neyslunnar minnki og velferð einstaklinga með fíknsjúkdóminn og aðstandenda þeirra aukist. Þá má ekki gleyma mikilvægi þess að réttar og samræmdar upplýsingar um leiðir til bata liggi fyrir hjá þeim aðilum sem veita fólki með óþjóðafíkn heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Verkefnið er þríþætt og snýst um gerð fræðsluefnis um

- Hvar og hvernig meðferð við óþjóðafíkn fer fram.
- Hvernig hægt er að grípa fyrr inn í og draga úr neikvæðum afleiðingum fíknarinnar/neyslunnar.
- Hvernig aðstandendur geta brugðist við og leitað sér aðstoðar.

Þetta verkefni mun ná yfir allt árið 2024 en afrakstur þess mun nýtast mun lengur.

### Framleiðsla á rafrænu fræðsluefni vegna spilafíknar

Verkefnið er unnið í samvinnu og með stuðning frá Getspá/Getraunum.

Markmið verkefnisins eru að ná spilavandanum upp á yfirborðið og minnka fordóma, ná til þeirra sem þegar hafa

## Fræðsla gegn vanþekkingu og fordómum - frh. 2

Þróað með sér spilafíkn/vanda, ná til þeirra sem eru að byrja að lenda í vanda og ná til aðstandenda þeirra allra og veita þeim þjónustu í formi upplýsinga eða meðferðar.

### Verkefnið er fjórþætt:

Að þróa sameiginlegt upplýsingarit SÁÁ og Getspár/Getrauna sem G/G geta sent rafrænt til þeirra sem eru að fara fram úr eigin markmiðum um spilun.

- Að búa til sérstaka fræðslu sem getur nýst íþróttafélögum, -bandalögum og -samböndum til að vinna gegn íþróttaveðmálum innan íþróttahreyfingarinnar. Þar þyrfti auðvitað að leita fulltingis ÍSÍ.
- Að auka og þróa þjónustu við aðstandendur þeirra sem eru með eða eru að byrja að þróa með sér spilafíkn/vanda.
- Að þróa sérstaka fræðslu um spilafíkn og afleiðingar hennar, fyrir starfsfólk Getspár/Getrauna og íþróttahreyfingarinnar.

Þetta verkefni mun ná a.m.k. fram á árið 2025.



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Sjúkrahúsið Vogur og meðferðarstöðin Vík á Kjalarnesi

### Markmið 2

„Að starfrækja afeitrunar- og endurhæfingarmeðferð fyrir fólk með fíknsjúkdóma.“

SÁÁ heldur úti veigamestu afeitrunar- og endurhæfingameðferð á Íslandi. Þess verður víða vart um allt samfélagið. En SÁÁ heldur einnig saman tölfræðiupplýsingum um starfsemina þar sem má sjá árangur ársins en einnig samanburð milli ára. Hér að neðan eru tilvísanir í tölfræðiupplýsingar úr heilbrigðisþjónustunni. Smellið á setningu til að flytjast á viðkomandi stað í ársskýrslunni.

### Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- Sjúkrahúsið Vogur - innlagnarupplýsingar
- Fyrsta skipti á Vogu
- Sjúkrahúsið Vogur - endurkomur
- Sjúkrahúsið Vogur - ungmenni 25 ára og yngri
- Göngudeild Vogs - lyfjameðferð við ópíóíðafíkn
- Sjúkrahúsið Vogur - niðurstöður gæðavísa
- Meðferðarstöðin Vík



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Göngudeildir í Reykjavík (Von) og á Akureyri

### Markmið 3

„Að starfrækja göngudeild fyrir fólk með fíknsjúkdóma og aðstandendur þeirra.“

SÁÁ starfrækir göngudeildir bæði í Reykjavík og á Akureyri og heldur einnig saman tölfræðiupplýsingum um þá starfsemi. Þar má sjá árangur ársins og samanburð milli ára.

Hér að neðan eru tilvísanir í tölfræðiupplýsingar heilbrigðisþjónustunnar.

### Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

- [Göngudeildir Reykjavík og Akureyri](#)



Von, Efstaleiti 7 Reykjavík

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Þjónusta við börn, foreldra og aðra aðstandendur

### Markmið 4

„Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur fólks með fíknsjúkdóma, þ.m.t. börn.“

### Fjölskyldunámskeið SÁÁ

Hafa verið haldin óslitið frá upphafi

- Ennþá vel sótt og mikil ánægja þeirra sem koma.
- Átta kvöld þar sem veitt er mikil fræðsla og svo góð úrvinnsla í hópvinnu auk þess sem fólk fær heim með sér lesefni og verkefni til að vinna á milli tíma

**Foreldrakvöld** er nýtt verkefni því tengt sem var sett af stað á árinu 2023 til þess m.a. að bregðast við lengingu biðlista eftir sálfræðiþjónustu barna.

- Fyrsta kvöldið haldið 27. febrúar, alls 6 á árinu 2023.

### Sálfræðiþjónusta barna

Sú þjónusta er alfarið rekin á styrkveitingum

Sálfræðiþjónusta barna var opin sumarið 2023 þrátt fyrir sumarlokun í göngudeildum og á Vík.

Einnig er farið til Akureyrar til að sinna börnum þeim megin á landinu, fyrsti tíminn á staðnum en aðrir tímar eru í fjarþjónstu.

- Kynning á vegum SÁÁ fyrir Barnavernd Reykjavíkur í apríl og fyrir Mánaberg í október.
- Í meðferðardagskrá Víkur er heill dagur einu sinni í mánuði, um „Börnin okkar“. Þá er fræðsludagskráin og hópavinnan bæði kvenna- og karlamegin eingöngu með því þema.
- Þátttaka í Farsældarþingi og Barnaþingi í Hörpu.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Fræðsla fyrir skjólstæðinga og endurhæfing þeirra

### Markmið 5

„Að vinna að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum sem og endurhæfingu skjólstæðinga sinna.“

Af ýmsu er að taka því mörg verkefni skarast við þetta markmið. Meðal þess sem má nefna er eftirfarandi:

- Sálfræðipjónusta barna
- Ásinn (lauk haust 2023)
- Edrúar
- Konukvöldin
- Vin, búsetuúrræði
- Þátttaka SÁÁ í Pompidouverkefni, sem er á vegum Evrópuráðsins þar sem áherslan er þróun úrræða fyrir feður sem nota vímuefni.

Styrkur til að innleiða jafningastuðning fyrir Ungmennameðferð

- Námskeið fyrir sjálfboðaliða í apríl 2023.

### Ýmislegt

- „Ég labba bara“ göngur til að stuðla að heilsu og bæta tengslanetið í samvinnu við Ferðafélag Íslands.
- „Örugg tjáning“ námskeið sem Sirrý hélt í Von/Teams/Zoom
- Fræðsluefni á samfélagsmiðlum, sjá t.d. á Instagram.
- Zumba kennsla í Von.
- Reykjavíkur maraþon - lögð var áhersla á að minna á heilbrigðan lífstíl „Allt annað líf“



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Símenntun starfsmanna og aukin fagleg innsýn

---

### Markmið 6

„Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi, svo og til annarra starfa málefningu viðkomandi.“

Sótt var ráðstefna í Áhugahvetjandi samtali (Motivational Interviewing) sem haldin var í Kaupmannahöfn.

Katrín Ella Jónsdóttir sálfræðingur lauk vottun sem MI kennari, og bætist í hóp þriggja annara vottaðra kennara sem fyrir eru í starfi hjá SÁÁ.

Starfsfólk SÁÁ sótti ýmsar ráðstefnur s.s.

- SNUS
  - ISAM
  - ASAM í Texas
  - NAADAC
  - IntNSA
- 
- Erna Gunnþórsdóttir læknir lauk alþjóðlegu sérfræðiprófi ISAM í fíknlækningum.
  - Nokkrir sjúkraliðar SÁÁ eru í fagnámi í samfélagsgeðhjúkrun.
  - Nokkrir ráðgjafar eru í alþjóðlegu spilaráðgjafanámi
    - Problem Gambling Certificate ICGCI.
  - Ingunn Hansdóttir framkvæmdastjóri meðferðarsviðs og Júlí Aspelund fagstjóri fræðslu og þjálfunar hófu viðbótardiplómanám í faghandleiðslu hjá HÍ

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Fjáraflanir og þátttaka sjálfbóðaliða í starfinu hjá SÁÁ

### Markmið 7

„Að skipuleggja sjálfbóðaliðastörf og afla fjár til reksturs SÁÁ.“



**Allt annað líf**

### Samskipta og kynningarmál

Samskipta og kynningarmál heyra undir nýja Skrifstofu forstjóra og hefur umsjón með öllu markaðs og kynningarstarfi samtakana. Fjáröflun er stór hluti af verkefnum ásamt umsjón með félags- og viðburðastarfi samtakana.

Helstu breytingar á liðnu ári var ný og breytt ásjúnd SÁÁ. Eftir mikinn undirbúning og greiningarvinnu var ákveðið fara í samstarf við auglýsingastofuna Ennemm og á vormánuðum var vörumerki og slagorðið „**Allt annað líf**“ kynnt til sögunnar. Áherslan er að vera með jákvæð skilboð í okkar markaðs- og kynningarefni og sýna og vekja athygli á þeim heilbrigða lífsstíl sem fylgir því að hætta að drekka og nota vímuefni.

Ný heimasíða var sett í loftið og mun meira áhersla lögð á notkun samfélagsmiðla bæði með jákvæðum skilaboðum, fræðslu og að sjálfsögðu að vekja athygli á þeim viðburðum sem eru í gangi hjá SÁÁ.

Við stóðum að vitundarvakningu í febrúar, **Edrúar febrúar** þar sem tilgangurinn er vekja athygli á þeim heilbrigða lífsstíl sem fylgir því að sleppa því að neyta áfengis og vímuefna. Fengum góð viðbrögð og verður þessi vitundarvakning árleg hjá okkur.

## Fjáraflanir, samvinnuverkefni og félagsstarf frh.

SÁÁ tók þátt í **Gulum september**, en það er samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem vinna saman að geðrækt og sjálfsvígsforvörnum.

**Málþing** um spilavanda var haldið í september.

### Félagsstarfið

Félagsstarfið var að vanda fjölbreytt og er áherslan lögð á færri en stærri viðburði í starfinu.

- Glæsilegt kvennakvöld var haldið í Von.
- Kótiletukvöld og Þorrablót voru á sínum stað.
- Fjölskyldudagur SÁÁ í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum stækkar með hverju ári og er að festa sig í sessi.
- Í fyrsta skipti var Edrúdagurinn haldinn, en sá dagur tengist afmælisdegi SÁÁ sem er 7. október.

### Fjáraflanir

SÁÁ tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu og þátttakan var mjög góð og met upphæð safnaðist í áheimum.

**Álfasalan** var að vanda í maí og desember og gekk salan vel. Álfasalan er okkar mikilvægasta fjáröflun og alltaf stemmning þegar undirbúningur og salan sjálf fer fram.

**Vinnustaðavakt SÁÁ** (samstarf, fræðsla og stuðningur) er ráðgjöf um forvarnir og viðbrögð varðandi mögulegan áfengis- og vímuefnavanda á vinnustaðnum. Þannig fá stjórnendur innsýn í hvernig best sé að takast á við mál sem upp koma í þessum efnum. Jafnframt verði starfsfólk betur upplýst, jafnt um eigin aðstæður og samstarfsfólks.







Hluti af kynningarefni félagsstarfs SÁÁ á árinu



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

# Upplýsingamiðlun til almennings um fíknivandann

## Markmið 8

„Að afla og koma á framfæri til almennings upplýsingum um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.”

## Umræða í fjölmiðlum

Upplýsingamiðlun SÁÁ í gegnum fjölmiðla er algengasta og um leið áhrifaríkasta leiðin til að miðla upplýsingum um alvarleika fíknsjúkdómsins og þær leiðir sem hægt er að fara til að ná tökum á honum.

Hjá SÁÁ er viðtæk þekking á fíknsjúkdómnum og meðferð hans og því leita fjölmiðlar mjög oft til samtakanna til að varpa ljósi á hann og þau úrræði sem standa til boða. Formaður og heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ taka einatt vel í að veita upplýsingar og mæta í viðtöl.

Þar sem fíknsjúkdómurinn snertir ekki aðeins þau sem glíma við sjúkdóminn heldur einnig aðstandendur, vini, vinnuveitendur og í raun þjóðfélagið allt, þá er umræðan oftast á víðum grundvelli.

Þá býr SÁÁ að miklu gagnasafni um þróun fíknsjúkdómsins og notkun vímuefna síðastliðin 40 ár. Þórarinn Tyrfingsson fyrrum yfirlæknir SÁÁ og formaður samtakanna hóf ítarlega skráningu á högum skjólstæðinga á Vogu árið 1984 og er það undirstaða þeirrar skráningar sem enn er við lýði.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Samvinna við aðra á sviði meðferðar við fíknsjúkdómnum

### Markmið 9

„Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.”

Samstarf var haft við fjölmarga aðila í heilbrigðis- og velferðarkerfinu við úrlausn og framgang mála. Samvinnan við þá aðila var mikil og góð. Markmið samstarfsins ræðst ávallt af hagsmunum skjólstæðinga okkar.

Fræðsluerindi voru skipulögð og flutt m.a. fyrir:

- Bráðamóttöku Landspítala.
- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Félagsráðgjafa og fleiri sem komu í heimsókn.

Haldið var áfram þróun á Bataappinu í samvinnu við HR. SÁÁ tók þátt í Sálfræðiþinginu.

Farið var mjög víða með kynningu á starfsemi SÁÁ.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Gætt að læknishjálp, réttindum og meðferð

### Markmið 10

„Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu án þess að sú sjúkdómsgreining leiði til skerðingar.“

SÁÁ og Sjúkratryggingar Íslands settust að samningaborðinu til að ræða nýjan heildarsamning um starfsemi SÁÁ.

- Þingflokkar fengu kynningu á starfsemi SÁÁ á starfsárinu.
- SÁÁ fór að venju með erindi fyrir fjárlaganefnd.
- Starfsfólk SÁÁ situr í ýmsum starfshópum sem varða málefnið.
- Undirrituð var samstarfsyfirlýsing við Heilabrot.



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Unnið að fræðslu og menntun fagstétta í heilbrigðisþjónustu

### Markmið 11

„Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknsjúkdóma og aðstandenda þeirra.“

Nemar í öllum heilbrigðisstéttum eru með verknámspláss á sjúkrahúsinu Vogu.

- Regluleg kennsla fyrir læknanema.
- Öll starfsþjálfun áfengis- og vímuefnaráðgjafanema.
- Starfsþjálfun fyrir nema í klínískri sálfræði (1200 stundir).
- Fræðsla fyrir fagfólk annarra heilbrigðisstofnana s.s. BMT, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fíknigeðdeild, göngudeild smitsjúkdóma og fleiri.



Hluti útskriftarnema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf 2023.



Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Fagfólk veitir heilbrigðisþjónustuna

### Markmið 12

„Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr ýmsum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Starfsfólkið skal veita þeim sem leita til SÁÁ vegna fíknsjúkdóma, heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki.“

Frá upphafi hefur starfsfólk SÁÁ lagt sig fram um að veita heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki miðað við kröfur hvers tíma. Svo er enn og nú sem hingað til er þjónustan í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um hana gilda.

Í heilbrigðisþjónustu SÁÁ er starfandi fagfólk úr eftirfarandi starfsstéttum:

- Áfengis- og vímuefnaráðgjafar
- Félagsráðgjafar
- Lýðheilsufræðingar
- Heilbrigðisgagnafræðingar
- Hjúkrunarfræðingar
- Læknar
- Sálfræðingar
- Sjúkraliðar
- Nemar í heilbrigðisvísindum.



## Hópefli starfsmanna

Liðsandinn efldur í ísgöngunum í Langjökli





Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Vísinda- og rannsóknarstarf innanlands og utan

### Markmið 13

„Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ verði rekið og stundað öflugt vísindastarf. Rannsakendur á vegum SÁÁ skulu leitast við að stunda og eiga aðild að vísinda- og rannsóknarstarfi í samstarfi, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.”

Á liðnu starfsári var fram haldið öflugtu samstarfi við ýmsa aðila á sviði rannsókna og vísinda.

Má þar nefna áframhaldandi samstarf við Landspítala vegna meðferðarátaks gegn lifrabólgu C, en skrifuð voru ágríp á árinu til að lýsa áframhaldandi jákvæðum niðurstöðum í baráttunni við þennan smitsjúkdóm.

SÁÁ hefur átt í samstarfi við DeCode vegna rannsókna á erfðafræði fíknsjúkdóms og við búumst við því að það haldi áfram.

Nýtt samstarf á vettvangi vísinda og rannsókna við Háskólann í Reykjavík lofar góðu en um tvö verkefni er að ræða: Verkefni um hagnýtingu stafrænna lausna í meðferðarstarfi annarsvegar og rannsókn á áhrifum fíknivaka á heila hinsvegar.

Upplýsingar um starfsemi SÁÁ út frá markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

## Samstarf um menntun á sviði heilbrigðisvísinda

### Markmið 14

„Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviðum heilbrigðisvísinda.“

Samstarf við Háskólann á Akureyri er mjög mikið en skólinn býður nú upp á bóklegt nám í fíkniráðgjöf. Þar sinnir fagfólk SÁÁ kennslunni ásamt öðrum.

Fagfólk SÁÁ sinnir einnig reglulegri kennslu í eftirfarandi deildum Háskóla Íslands:

- Félagsráðgjafadeild
- Hjúkrunarfræðideild
- Læknadeild
- Sálfræðideild

Þá sinnir fagfólk SÁÁ verknámskennslu á framhaldskólastigi fyrir sjúkraliða.

Fagfólk SÁÁ hefur haldið MI vinnustofu í Háskólanum í Reykjavík og í Bataskólanum, en það er endurhæfingarúræði fyrir fólk með geðræna kvilla með áherslu á fíkn.



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



HÁSKÓLI  
ÍSLANDS



# Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni



# Sjúkrahúsið Vogur 2023


## Innlagnarupplýsingar

## Fjöldi, kyn, aldur og búseta

## Heildartölur 1977-2023


- Innlagnir
  - 89.501
    - 26.293 (29,4%) konur, 63.200 (70,6%) karlar
- Einstaklingar
  - 28.158
    - 8.418 (29,9%) konur, 19.751 (70,1%) karlar

## Tíðni innlagna núlifandi einstaklinga sem hafa komið á Vog 1977-2023



RHF,JGA,

# Fjöldi innritana og einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu 2011-2023





**2023**  
**1460**  
**1821**  
 — Innlagnir  
 — Einstaklingar


RHF, JGA,




## Fjöldi innritana og einstaklinga eftir kyni á sjúkrahúsinu Vogu 2023




# Kynjahlutfall sjúklinga á sjúkrahúsinu Vogli 2011-2023



## Fjöldi einstaklinga eftir aldurshópum á sjúkrahúsinu Vogu 2022 og 2023




## Fjöldi einstaklinga á Voggi 2023 eftir aldurshópum. Samanburður við meðaltalsfjölda 2017-2019






# Heilbrigðisumdæmi einstaklinga sem lögðust inn á Vog 2023




## Afdrif eftir innlögn á Voggi 2023



■ Vík   
 ■ Göngudeild   
 ■ Önnur stofnun   
 ■ Engin frekari meðferð


## Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog árið 2023.



RHF,JGA




## Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog 2023






## Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog 2022 og 2023




RHF,JGA


# Hlutfall einstaklinga með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog



## Hlutfall einstaklinga 66 ára og eldri með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog, samanborið við alla




# Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2023






# Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2023






# Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2023




# Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega, 50 ára og eldri 2018-2023




RHF,JGA

# Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega, 66 ára og eldri 2018-2023



## Einstaklingar á sjúkrahúsinu Vogu sem nota ópíóíða reglulega 2020-2023




RHF,JGA




Sjúkrahúsið Vogur  
Einstaklingar sem  
komu, sáá-u og  
sigruðu í fyrsta sinn  
2023



# Fjöldi einstaklinga sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog




# Hlutfall þeirra sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog, af öllum einstaklingum




# Einstaklingar sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog 2023, eftir kyni

Fyrsta koma




Fyrsta koma sem komu aftur á árinu




RHF,JGA



## Aldursdreifing einstaklinga sem koma í fyrstu meðferð á Vog. Samanburður 2023 og meðaltalsfjölda 2017-2019




## Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog árið 2023.



RHF,JGA




## Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2023



RHF,JGA

## Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2019-2023




RHF,JGA



Sjúkrahúsið Vogur  
Einstaklingar sem komu  
aftur til að sáá og sigra  
2023




# Fjöldi einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog



RHF,JGA


# Hlutfall einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




RHF,JGA

# Einstaklingar í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2023 eftir kyni

Hafa komið áður




Endurkoma innan árs frá síðustu innlögn






# Fjöldi einstaklinga í endurkomu á Vog eftir aldurshópum 2022 og 2023




## Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum í endurkomu á Vog árið 2023



RHF,JGA

## Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2023






Sjúkrahúsið Vogur  
Ungmenni 25 ára og  
yngri sem komu,  
sáá-u og sigruðu  
2022








# Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu



# Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu, eftir kyni 2023




# Fjöldi einstaklinga 25 ára og yngri sem komu í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog



RHF,JGA


# Hlutfall fyrstu komu af öllum 25 ára og yngri einstaklingum á sjúkrahúsinu Vogu




RHF,JGA



# Hlutfall endurkomu einstaklinga af öllum 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu




## Fjöldi einstaklinga sem hafa komið áður á Vog eftir aldurshópum (25 ára og yngri) 2021 og 2022




RHF,JGA

## Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá 25 ára og yngri sem komu á sjúkrahúsið Vog 2023






# Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu 2023



RHF, JGA




# Vímuefnagreiningar hjá 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu 2019-2023




# Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn

## Göngudeild Vogs


Þjónustuupplýsingar um einstaklinga í lyfjameðferð SÁÁ við ópíóíðafíkn



## Fjöldi einstaklinga sem hafa **notað** einhverja ópióíðategund á sjúkrahúsinu Vogu 2014-2023




# Fjöldi einstaklinga með ópíóíðagreiningu á sjúkrahúsinu Vog 2014-2023



RHF,JGA




# Greining ópíóíðafíknar á sjúkrahúsinu Vogu 2000-2023




RHF,JGA


# Þróun ópíóíðavanda á sjúkrahúsinu Vogli frá 2000-2023



# Ópíóíðagreining meðal einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu, 2019-2023




# Ópíóíðagreining á sjúkrahúsinu Vogu 2017-2023






## Fjöldi einstaklinga á ári sem fengu lyfjameðferð við ópíóíðafíkn



# Einstaklingar í lyfjameðferð við ópíóíðafíkn 2023






Sjúkrahúsið Vogur

Niðurstöður  
gæðavísa 2023



# Gæðavísir - aðgengi og biðtími eftir þjónustu


## Biðtími eftir innlög 2022 (N=2072)






## Gæðavísir - aðgengi og biðtími eftir þjónustu

Biðtími hjá 123 einstaklingum með virka beiðni án innlagnardags við árslok 2022



## Gæðavísir - innlagnir og endurkomutíðni


### Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum 2023






## Gæðavísir - innlagnir og endurkomutíðni

### Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum, 25 ára og yngri 2022



## Gæðavísir - ótímabær lok meðferðar


### Ótímabær lok meðferðar - allir






## Gæðavísir - ótímabær lok meðferðar

### Ótímabær lok meðferðar – ungmenni (25 ára og yngri)



## Gæðavísir - ótímabær lok meðferðar


### Ótímabær lok meðferðar – ungmenni (25 ára og yngri) 2023





Gæðavísir - atvikaskráning

# Atvikaskráning



# Meðferðarstöðin Vík 2023

Þeir sem komu, sáá-u og  
sigruðu í 28 daga  
inniliggjandi  
sálfélagslegri meðferð






# Meðferðarstöðin Vík

Meðferðarstöðin Vík, Kjalarnesi

Ár	Innskriftir	Legudagar
2021	618	16251
2022	629	16921
2023	630	15962



Göngudeildir Von  
og Akureyri 2023  
Þeir sem komu, sáá-u og  
sigruðu í 3-12 mánaða  
göngudeildarmeðferðum



Heildar komur og fjöldi viðtala í göngudeild  
2022 og 2023

Ár	Komur í úrræði	Einstaklingar
2022	13429	1382
2023	12360	1220

Ár	Fjöldi viðtala	Einstaklingar
2022	3340	1849
2023	2947	1860





## Meðferðarúrræði í göngudeild - VON

Ár	2022		2023	
	Einstaklingar	Komur	Einstaklingar	Komur
Grunnmeðferð	333	1973	251	1598
Meðferðarhópur	408	4397	414	3880
Ungmennameðferð	120	615	53	215
Fjölskyldumeðferð	113	644	87	495
Foreldrafærni	51	206	75	112
<b>Samtals</b>	<b>1025</b>	<b>7385</b>	<b>880</b>	<b>6300</b>



## Eftirfylgniúrræði í göngudeild - VON

Ár	2022		2023	
	Einstaklingur	Komur	Einstaklingur	Komur
Eftirfylgni – Heldri menn	86	1130	96	1064
Eftirfylgni – Kvenna 1	133	957	120	1061
Eftirfylgni – Kvenna 2	66	734	69	805
Eftirfylgni - Vík	38	144	26	95
Eftirfylgni - Meðferðarhópur	150	748	125	634
Eftirfylgni – Víkingur 1	107	727	114	734
Eftirfylgni – Víkingur 2	49	440	53	534
<b>Samtals</b>	<b>539</b>	<b>4880</b>	<b>436</b>	<b>3659</b>

## Viðtalsþjónusta í göngudeild – VON og Akureyri

Ár	2022		2023	
	Einstaklingar	Fjöldi viðtala	Einstaklingar	Fjöldi viðtala
Greiningarviðtal fyrir aðstandendur	310	318	298	300
Greiningarviðtal í göngudeild	415	436	327	336
Viðtal göngudeild	1476	2892	1421	2311
<b>Samtals</b>	<b>2005</b>	<b>3745</b>	<b>2046</b>	<b>2947</b>

RHF,JGA

# Fjöldi einstaklinga sem sækja úrræði í göngudeild 2023, aldursskipt

Aldurshópar	Einstaklingar	%GT Einstaklingar
17 ára og yngri	4	0.33%
18-25 ára	124	10.16%
26-35 ára	270	22.13%
36-45 ára	269	22.05%
46-55 ára	246	20.16%
56-65 ára	192	15.74%
66-75 ára	88	7.21%
<b>Samtals</b>	<b>1,220</b>	<b>100.00%</b>


# Spilameðferð SÁÁ

Þjónustuupplýsingar um  
einstaklinga í  
spilameðferð SÁÁ





## Fjöldi einstaklinga í spilameðferð SÁÁ




RHF,JGA

Upplýsingar vantar fyrir 2022

## Kynja – og aldurskipting í spilameðferð

Kynjahlutfall



Aldur:

Meðalaldur: 32,8 ár


Karlar: 18-68 ára og meðalaldur 32,4 ár

Konur: 29-51 árs og meðalaldur 37,5 ár

# Spilahegðun þeirra sem sækja spilameðferð hjá SÁÁ

Spilahegðun	Hlutfall
Blönduð spilamennska allt: -Spilavítisleikir á netinu og íþróttaveðmál -Spilavítisleikir á netinu og póker	50,74% 16% 7,25%
Spilavítisleikir á netinu	26%
Spilakassar	14,49%

# Alvarleikastig spilafíknar í spilameðferð SÁÁ, skv. DSM-5



■ Alvarleg einkenni   
 ■ Miðlungs einkenni   
 ■ Væg einkenni



## Sálfræðipjónusta barna 2023:

Beiðni/tilvísun	Fjöldi barna/viðtala
189 börn	77 börn 355 viðtöl



LOKAORÐ

## Ávinningurinn af því að takast á við fíknsjúkdóminn

Til mikils er að vinna að skapa tækifærin fyrir allt annað líf með þeim úrræðum sem SÁÁ hefur að bjóða.



Allt annað líf

SÁÁ var stofnað í byrjun október árið 1977. Það styttist því í hálftrar aldar afmæli þess Grettistaks sem vannst með stofnun samtakanna.

Þekking á fíknsjúkdómnum hefur aukist með árunum, svo og á leiðum til að takast á við hann. Grundvöllurinn fyrir bata er engu að síður sá sami og áður, bindindi frá neyslu vímuefna með hjálp þeirra sálfélagslegu úrræða sem bjóðast. SÁÁ hefur mestu þekkinguna á fíknsjúkdómnum hér á landi og er leiðandi í meðferð hans. SÁÁ leggur mikla áherslu á að fíknsjúkdómurinn sé viðurkenndur sem slíkur og fái ekki síðri meðhöndlun en aðrir sjúkdómar. Endurnýjun samninga við Sjúkratryggingar um heilbrigðisþjónustu SÁÁ stefna að því.

Árangurinn af starfi SÁÁ er ótvíræður. Við segjum að **allt annað líf** blasi við þeim einstaklingum og aðstandendum þeirra sem hafa notið þjónustu samtakanna. Frá stofnun hafa tugþúsundir einstaklinga komið í meðferð hjá SÁÁ og miklum meirihluti þeirra hefur tekist að ná tökum á aðstæðum sínum. Fyrir þjóðfélagið allt er ávinningurinn ekki síðri, því sá kostnaður sem fylgir því að taka ekki utan um þá sem þjást vegna fíknsjúkdóms nemur tugum milljörðum króna á hverju ári. Til mikils er að vinna að skapa tækifærin fyrir allt annað líf fyrir fólk með fíknsjúkdóm og þeirra aðstandendur með þeim úrræðum sem SÁÁ hefur að bjóða.